
149. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir (Hovedindlæg)

Forseti, kærur norrænu kollegar og vinir. Ég vil þakka Troels fyrir góða yfirferð á mjög ört vaxandi varnarsamstarfi Norðurlandanna undir merkjum NORDEFCO og formennsku Danmerkur. Norrænt samstarf hefur verið hornsteinninn íslensku utanríkisstefnunnar frá upphafi og byggir á sameiginlegum gildum, ekki síst lýðræði, mannréttindum og virðingu fyrir alþjóðalögum. Aðild Finnlands og Svíþjóðar að Atlantshafsbandalaginu markar tímamót fyrir samstarfið og NORDEFCO hefur tekið stökkbreytingum á undanförunum árum. Þegar öll Norðurlöndin eru nú sameinuð í NATO hefur norrænt samstarf á sviði öryggis- og varnarmála aldrei verið jafn náið og eflaust aldrei jafn mikilvægt og nú. Ísland hefur tekið þátt í norrænu varnarsamstarfi, NORDEFCO, frá stofnun þess árið 2009. Fyrst um sinn var þátttakan nær eingöngu á pólitíska sviðinu en frá síðasta ári erum við líka þátttakendur í samstarfi á hermálasviðinu. Það skiptir máli því að á þeim vettvangi skipuleggjum við varnir Norðurlandanna og sameiginlega fælingarstefnu okkar.

Í ljósi breyttrar stöðu öryggismála í Evrópu hefur vægi og umfang hermálasamstarfs NORDEFCO stóraukist og þess vegna skiptir það máli fyrir Ísland að við sitjum við það borð. Eins og danski kollegi minn nefndi samþykktum við nýja langtímasýn fyrir NORDEFCO-samstarfið, Vision 2030, á ráðherrafundi hér í Reykjavík árið 2022 sem var undirrituð ári síðar, 2023. Þá hafa yfirmenn hermála landanna aukið sitt samstarf og samþykkt metnaðarfullan ramma fyrir viðbúnað og varnaráætlanagerð. Ísland er virkur þátttakandi í mótun og framkvæmd á hvoru tveggja. Þegar kemur að varnarsamstarfi Norðurlandanna leggur Ísland áherslu á heildstæða nálgun, að við horfum sameiginlega til alls norræna svæðisins, frá Norður-Atlantshafi til Eystrasalts, frá Grænlandi til austurlandamæra Finnlands.

Ólögleg innrás Rússa í Úkraínu jafnt og hegðun þeirra og hótanir gagnvart vestrænum lýðræðisríkjum hafa gert að engu vonir um að halda Norðurskautssvæðinu sem lágsþennusvæði. Fælingaraðgerðir á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum eru þess vegna ofarlega á dagskrá. Ísland er stolt yfir því að vera stofnaðili að NATO. Við eigum sterkt og traust samstarf við Bandaríkin sem grundvallast á varnarsamningnum frá 1951. Þrátt fyrir að vera herlaust ríki tökum við fullan þátt í störfum bandalagsins og við tökum fullan þátt í viðbúnaði á Norður-Atlantshafinu. Frá 2014 höfum við jafnt og þétt aukið framlög til varnarmála. Við höfum fjárfest í innviðum og mannauði sem gerir okkur kleift að efla og styrkja gistiríkjastuðning okkar við bandamenn á öryggissvæðinu í Keflavík. Við rekum ratsjárkerfi sem gerir bandalaginu kleift að fylgjast með loftrýminu umhverfis Ísland 24 tíma á sólarhring. Hingað koma reglulega skip, þotur og sveitir á vegum Norðurlandanna og taka þátt í æfingum og aðgerðum. Danir eru reglulegir gestir vegna áhafnaskipta á skipum, millilendinga eða viðgerða á loftförum. Á nýju ári munum við svo marka tímamót þegar finnskar herþotur koma til Keflavíkur til að sinna loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins í fyrsta sinn og við vonum að Svíþjóð bætist í hópinn von bráðar.

Það er ljóst að norrænt varnarsamstarf er gjörbreytt, bæði vegna ástandsins í heiminum, sem hefur versnað, og vegna þess að við vinnum miklu þéttar saman nú þegar öll Norðurlöndin eru í Atlantshafsbandalaginu. Við stöndum frammi fyrir krefjandi áskorunum sem kalla á enn frekari samvinnu og styrkingu á varnarsamstarfi. Ég veit að við erum öll tilbúin í þá vegferð.

Skandinavisk översättning

President, kära nordiska kollegor och vänner! Jag skulle vilja tacka Troels för en bra översikt av de nordiska ländernas snabbt växande försvarssamarbete, som bedrivs inom Nordefco och under Danmarks ordförandeskap. Det nordiska samarbetet, som har från början varit den isländska utrikespolitikens hörnsten, bygger på gemensamma värden, inte minst demokrati, mänskliga rättigheter och respekt för internationell rätt. Finlands och Sveriges medlemskap i Nato utgör ett vägskaäl för detta

samarbete, och Nordefco har förändrats snabbt under de senaste åren. När alla nordiska länder nu är samlade inom Nato har det nordiska säkerhets- och försvarssamarbetet aldrig varit lika tätt – och säkert aldrig lika viktigt – som nu. Island har deltagit i det nordiska försvarssamarbetet, Nordefco, från dess början året 2009. Under de första åren var deltagandet nästan uteslutande politiskt, men från och med fjolåret har vi också deltagit i det militära samarbetet. Det är av stor betydelse eftersom det är inom Nordefco som vi organiserar Nordens försvar och vår gemensamma strategi gällande avskräckning.

På grund av det ändrade säkerhetsläget i Europa har vikten och bredden av det militära samarbetet inom Nordefco ökat skarpt, och därför spelar det stor roll för Island att ha en plats vid bordet. Som min danska kollega sade så godkände vi en ny vision för Nordefco, Vision 2030, under ett ministermöte här i Reykjavik året 2022, som sedan undertecknades ett år senare, 2023. Ländernas överbefälhavare har likaså fördjupat sitt samarbete och antagit en ambitiös ram för beredskap och försvarsplanering. Island deltar aktivt i utformning och genomförande av bägge delarna. När det gäller nordiskt försvarssamarbete prioriterar Island en övergripande tillnärmning, att vi gemensamt ser till hela Nordens territorium, från Nordatlanten till Östersjön, från Grönland till Finlands östra gräns. Rysslands olagliga invasion av Ukraina har, tillsammans med deras beteende och hot gentemot västvärldens demokratiska stater, förintat allt hopp om att bevara Arktis som ett lågspänningsområde. Avskräckande åtgärder i Nordatlanten och Arktis är därför högprioriterat. Island är stolt av att ha varit en av Natos grundande medlemmar. Vi har ett effektivt och robust samarbete med USA som baseras på försvarsavtalet från 1951. Trots att vi är ett land utan militär deltar vi fullt ut i Natos verksamhet och i beredskapsarbetet i Nordatlanten. Sedan 2014 har vi oavbrutet ökat våra försvarsanslag. Vi har investerat i infrastruktur och personal, vilket gör det möjligt att som värdland öka vårt stöd för våra allierade i säkerhetszonen i Keflavik. Vi har ansvaret för driften av ett radarsystem som gör det möjligt för alliansen att övervaka luftrummet omkring Island dygnet runt. De andra nordiska länderna sänder regelbundet till Island fartyg, flygplan och trupper för att delta i övningar och insatser. Besök av danska trupper förekommer ofta i samband med besättningsbyten på fartyg, mellanlandningar eller

reparationer av flygplan. Under det kommande året når vi en milstolpe när finska stridsflygplan anländer till Keflavik för att för första gången delta i Natos luftrumsövervakning, och vi hoppas att snart få liknande besök från Sverige.

Det står klart att det nordiska försvarssamarbetet har ändrats fullständigt, både på grund av det försämrade världsläget och som konsekvens av att vi har ett mycket tätare samarbete nu när alla de nordiska länderna är medlemmar i Nato. Vi står inför krävande utmaningar som nödvändiggör ett ännu närmare samarbete och en starkare försvarsallians. Jag vet att vi är alla redo att påbörja det arbetet.